

Metþátttaka í málþingi Arctic Shipping Best Practice Information Forum og mikil aukningu í notkun vefgáttar

Síðastliðinn fimmtudag lauk fjórða ársfundi Arctic Shipping Best Practice Information Forum (ASBIF) Norðurskautsráðsins, sem í fyrsta skipti var haldinn á fjarfundarformi vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Um 140 fulltrúar voru skráðir á fundinn frá u.þ.b. 80 aðilum víðsvegar að úr heiminum.

Dr. Heike Deggim, framkvæmdastjóri siglingaöryggissviðs hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni IMO ávarpaði málþingið og sagði m.a.:

„Sú nálgun sem aðstandendur vefgáttarinnar beita ber vott um framsýni og er dæmi um hvernig má stuðla að innleiðingu mikilvægra alþjóðareglna til að efla siglingaöryggi sjómanna og auka vernd umhverfis og íbúa heimskautssvæða. Þessi vinna hefur einnig mikla þýðingu fyrir Suðurskautið. Aðrir aðilar geta tekið á móta fyrirkomulag upp til að stuðla að innleiðingu alþjóðareglna. Þetta verkefni gæti orðið fyrirmynd að vinnu til stuðnings við aðrar reglur og samþykktir IMO.“

Markmið málþingsins var að styðja við árangursríka framkvæmd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar IMO á *Alþjóðareglum um skip sem starfa á heimskautasvæðum* (Pólkóðanum). Því er náð með því að safna og birta opinberar upplýsingar á sérstakri vefsíðu um alla þá sem taka þátt í öruggum og umhverfisvænum norðurslóðasiglingum, þar á meðal útgerðarmenn og rekstraraðilar, eftirlitsaðilar, flokkunarfélög, sjóvátryggjendur, frumbyggjar og heimskautabyggðarlög.

Pólkóðinn: „Stefna sett í átt til framfara“ var þema fundarins í ár sem viðurkenning á þeim gífurlegu árangri sem náðst hefur við velheppnaða innleiðingu þessa mikilvæga regluverks. Í glærukynningum fjölbreytts sérfræðingahóps var fjallað um aðgerðir til að efla samræmda túlkun á Pólkóðanum. Lögð var áherslu á frumkvæði til að efla vörur og þjónustu á sviði veðurfræði, haffræði og sjómælinga sem styðja við öruggar og umhverfisvænar siglingar á norðurslóðum ásamt þjálfunaráttaki til að styrkja mikilvægi mannlegra þáttarins í heimskautasiglingum.

Meðal samtaka sem sérfræðingarnir kynntu voru PAME-vinnuhópur Norðurskautsráðsins, Rússland, Alþjóðasiglingamálastofnunin, Alþjóðaveðurfræðistofnunin, svæðisnefnd um sjókortagerð á norðurslóðum, alþjóðahópur um ískortagerð, öldungahópur Beringshafs, Alþjóðasamtök skipaútgerða og World Wildlife Fund, meðal annarra (nánari upplýsingar hér á eftir).

Á vefgátt hópsins sem er aðgengileg hér: www.arcticshippingforum.is, er að finna tengla á valdar, opinberar upplýsingar frá milliríkjastofnunum og viðurkenndum hagsmunaaðilum í siglingum, frjálsum félagasamtökum, frumbyggjum og fræðasamtökum sem eru mikilvæg fyrir árangursríka innleiðingu Pólkóðans. Frá því að vefgáttin var sett á laggirnar hefur heimsóknunum fjölgað verulega á hverju ári og margar sérsíður gáttarinnar hafa verið heimsóttar nokkur þúsund sinnum á síðustu 12 mánuðum. (17.475 heimsóknir í nóvember 2019 fjölga í 55.943

heimsóknir í nóvember 2020 - nánari upplýsingar hér á eftir.) Vefgáttin er uppfærð reglulega og stækkar eftir því sem nýjar upplýsingar fást.

Arctic Shipping Best Practice Information Forum var stofnað árið 2017 af hálfu átta norðurskautsríkja (Kanada, Konungsríkisins Danmörku, Finnlands, Íslands, Noregs, Rússlands, Svíþjóðar og Bandaríkjanna) til að stuðla að vitundarvakningu og að skilvirkri framkvæmd Pólkóðareglanna. Einnig er leitað í smiðju ríkja á suðurhveli nálægt Suðurskautslandinu með þátttöku frá því heimskautssvæði.

Formaður verkefnisins, Sverrir Konráðsson Íslandi, sagði:

“Ráðstefnan er vettvangur til að byggja upp og miðla upplýsingum sem eru mikilvægar fyrir innleiðingu Pólkóða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar IMO. Mikilvægi vefgáttar hópsins eykst í sífellu sem sést best af vaxandi fjölda þátttakenda á þessum ársfundi. Vefgátt hópsins hefur fljótt orðið ómissandi uppspretta sívaxandi fjölda tengla sem vísa til örugga og nauðsynlegra upplýsinga fyrir öruggar og umhverfisvænar siglingar á norðurslóðum.”

Framkvæmdastjóri siglingaöryggisviðs IMO, Dr. Heike Deggen, sagði:

“Ég er ánægð með að hópurinn hefur komið á fót þessari vefgátt sem veitir gnægð upplýsinga, ekki bara frá sjónarhóli eftirlitsaðila heldur einnig frá þeim sem beita Pólkóðanum með skilvirkum hætti. Þar á meðal eru systursamtök innan Sameinuðu þjóðanna og aðrar alþjóðastofnanir, siglingayfirvöld aðildarríkjanna auk samtaka skipaeigenda og flokkunarfélaga auk annarra. IMO vill þakka skipulagsnefnd vefgáttarinnar, PAME-skrifstofunni og íslenskum formanni hópsins fyrir mikla vinnu við skipulagningu þessa fundar og fyrir mikinn stuðning við innleiðingu reglna IMO.”

Fundurinn fór fram á vefformi dagana 24. og 25. nóvember. Nánari upplýsingar um efni 4. málþings hópsins, þátttakendur þess og kynningar á fundinum er að finna á vef 4. ársfundarins.

Nánari upplýsingar um tölfræði vefgáttarinnar er að finna í kynningu Michaels Kingstons, sérstaks ráðgjafa PAME á vefsíðu fundarins.

Fyrirspurnir má senda til Soffíu Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra PAME, á: pame@pame.is.

Um upplýsingavettvang Arctic Shipping Best Practice Information Forum

Markmið þessa vettvangs er að vekja athygli á ákvæðum Pólkóðans hjá öllum þeim sem taka þátt í eða geta orðið fyrir áhrifum siglinga á hafsvæðum norðurslóða og til að auðvelda miðlun upplýsinga og bestu starfshátta af hálfu þeirra sem taka þátt í starfsemi hópsins á sviði siglinga, þar með talið en ekki takmarkað við sjókortagerð, starfsemi á sviði leitar- og björgunar, leiðbeiningar fyrir hagsmunaaðila um skipsbúnað, kerfi og burðarvirki skipa.

Um Norðurskautsráðið

Norðurskautsráðið er leiðandi milliríkjavettvangur sem stuðlar að samvinnu, samhæfingu og samskiptum Norðurheimskautsríkjanna, frumbyggja norðurslóða og annarra íbúa norðurslóða um sameiginleg málefni, einkum um málefni sjálfbærrar þróunar og umhverfisverndar á norðurslóðum. Aðilar að Norðurskautsráðinu eru Kanada, Konungsríkið Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Rússland, Svíþjóð og Bandaríkin.

Um PAME

PAME er einn af sex vinnuhópum Norðurskautsráðsins. PAME er þungamiðjan í starfsemi Norðurskautsráðsins sem tengist verndun og sjálfbærri nýtingu umhverfis hafsins á norðurheimskautssvæðinu og er einstakur vettvangur fyrir samstarf um fjölbreytta starfsemi í þessum efnum.

Um Pólkóða IMO

Polar Code er lögboðið alþjóðlegt regluverk sem eykur öryggi starfrækslu skipa og dregur úr áhrifum á íbúa og viðkvæmt umhverfi hafsvæða og stranda norðurslóða. Pólkóðinn öðlaðist gildi í janúar 2017.